

Reykjavíkurborg

Fjárreiðudeild

Ráðhúsinu

101 Reykjavík

Akranesi, 24. október 2018

Efni: Afhending Hvalfjarðarganga til íslenska ríkisins og útgreiðsla hlutafjár og arðs til hluthafa

Hinn 30. september sl. hætti Spölur ehf., dótturfélag Eignarhaldsfélagsins Spalar hf., rekstri Hvalfjarðarganganna og afhenti þau íslenska ríkinu til eignar í samræmi við samning aðila um veltengingu við utanverðan Hvalfjörð frá 1995. Nú um stundir er unnið að því af starfsmönnum Spalar að greiða viðskiptavinum félagsins inneignir á viðskiptamannareikningum, skilagjald veglykla og andvirði afsláttarmiða.

Þar sem hlutverki Spalarsamstæðunnar er nú lokið stendur fyrir dyrum að gera bæði félögin endanlega upp og slíta þeim. Fyrsta skrefið hefur verið stigið í því verkefni þar sem stjórnir Eignarhaldsfélagsins Spalar hf. og Spalar ehf. hafa samþykkt að sameina félögin undir nafni og kennitölu Spalar ehf. Sú aðgerð er til hagræðis vegna slita félaganna. Við samruna félaganna fá hluthafar í Eignarhaldsfélaginu Speli hf. hluti í sameinuðu félagi í sömu hlutföllum og þeir eiga í hinu fyrrnefnda og njóta allra sömu réttinda og fylgdi hlutabréfaeign þeirra í Eignarhaldsfélaginu. Samruni félaganna er skilyrtur við það að hluthafar í Eignarhaldsfélaginu Speli hf. samþykki samrunann á hluthafafundi sem boðað verður sérstaklega til á næstu mánuðum.

Einn hluti slitafærlisins er að greiða hluthöfum Eignarhaldsfélagsins Spalar hf. til baka hlutafé sitt, uppreiknað í samræmi við samninginn um Hvalfjarðargöng frá 1995, þ.e. verðbættu m.v. grunnvísitölu neysluverðs 172,0 stig auk 14% árlegrar ávöxtunar. Þar sem slitafærlid kann að teygja sig inn á síðari hluta næsta árs hefur verið ákveðið að greiða hluthöfum út uppreiknað hlutafé áður en slitin koma til framkvæmda með lækkun á hlutafé í samræmi við 2. tölul. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Útgefið hlutafé sameinaðs félags verður kr. 85.935.760 Samkvæmt hlutaskrá Eignarhaldsfélagsins Spalar hf. er hlutur Reykjavíkurborgar kr. 300.00 að nafnvirði í félaginu. Á borgin vegna þess samningsbundinn rétt á greiðslu á kr. 684.740 við útgreiðslu hlutafjárins og kr. 64.968 vegna útgreiðslu arðs vegna tímabilsins 1. janúar til 30. september 2018 og hefur þá verið tekið tillit til fjármagnstekjuskatts m.v. nógildandi lög. Stefnt er að útgreiðslu hlutafjár á fyrstu mánuðum nýs árs en sérstök tilkynning verður send hluthöfum vegna þess.

Þegar hlutafé hins sameinaða félags hefur verið lækkað eiga hluthafar enga frekari kröfur á hendur félaginu um útgreiðslu hlutafjár við endanleg slit félagsins.

Stjórnir Eignarhaldsfélagsins Spalar hf. og Spalar ehf.